



HRAFNAGILSSKÓLI

Sjálfsmatsskýrsla Hrafnagilsskóla vor 2019

Unnið út frá innra mati skólans.



Mat á skólastarfi

Umbótaáætlun skólaárið 2018 – 2019

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Til grundvallar umbótaáætlun er sjálfsmatsskýrslur síðasta skólaárs ásamt öðrum matsgögnum. Til að mynda, kannanir Skólapúlsins á námi og líðan nemenda. Starfsmanna- og foreldrakannanir í Skólapúlsinum. Kannanir meðal kennara og starfsmanna (mat á skólastarfi að vori, mat á jákvæðum aga, mat á starfsháttum o.fl.). Einnig liggur til grundvallar námsmat Hrafnagilsskóla, niðurstöður Samræmdra prófa og lesskimana. Fyrir umbótaáætlun þessa skólaárs höfðum við einnig í höndum skýrslu með niðurstöðum ytramatsúttektar Menntamálastofnunar frá vori 2016 og umbótaáætlanir sem unnar voru í kjölfar matsins.

Áætlun um innra mat Hrafnagilsskóla 2018 – 2021. Áherslur á hverju skólaári.

Ár	Starfshættir og stjórnun	Nám og líðan	Skólaþróun	Grunnþættir menntunar	Kannanir
2018 – 2019	Meðferð upplýsinga skv. nýjum persónuverndarlögum. Heilsuefandi grunnskóli fjallar um lífsleikni og forvarnir.	Áhrif aukinnar tæknivæðingar á áhuga nemenda til náms. Líðan, geðheilsa nemenda.	Læsisstefna. Tölvur og tækni. Að vinna með innri ró í hraða nútímans. (growth mindset, hugarfrelsi, jákvæður agi o.fl.). Útikennsla í Aldisarlundi.	Læsi. Heilbrigði og velferð.	Skólapúlsinn: Nemendur haust og vor. Foreldrakönnun í febrúar. Starfsfólk mars. Könnun starfsfólks að vori, tveir + tveir. Könnun um nútímabæðingu (tölvur og tækni).
2019 - 2020	Breyttir starfshættir með aukinni tækni. Námsvísar á heimasíðu skólans. Skjalastefna fyrir skólann.	Hreyfing og líðan.	Tölvur og tækni. Útikennsla.	Sköpun. Jafnrétti.	Skólapúlsinn: Nemendur haust og vor. Könnun starfsfólks að vori, tveir + tveir.
2020 – 2021	Breyttir starfshættir með aukinni tækni.	Líðan, geðheilsa nemenda.	Breytt vinnuumhverfi nemenda og starfsfólks. Tölvur og tækni. Útikennsla.	Sjálfbærni. Lýðræði og mannréttindi.	Skólapúlsinn: Nemendur haust og vor. Foreldrakönnun í febrúar. Starfsfólk mars. Könnun starfsfólks að vori, tveir + tveir.

Mat á umbótaáætlun skólaárið 2018 – 2019

Dæmi um matsgögn sem liggja til grundvallar:

- Skýrsla og samantekt úr nemendakönnunum Skólapúlsins (lagðar fyrir nemendur í 6. – 10. bekk í október 2018 og apríl 2019).
- Skýrsla og samantekt úr foreldrakönnun Skólapúlsins (lögð fyrir foreldra og forráðamenn í febrúar 2019).
- Skýrsla og samantekt úr starfsmannakönnun Skólapúlsins (lögð fyrir starfsmenn skólans í mars 2019).
- Starfsmannakönnun Hrafnagilsskóla (lögð fyrir starfsfólk í júní 2019).
- Könnun eftir fyrsta árið í nútímavæðingu (tölvur og tækni), (lögð fyrir kennara í lok maí 2019).
- Fundagerðir skólaráðs 2018 – 2019.
- Könnun lögð fyrir nemendur í 8. og 9. bekk um skólamálin. (Lögð fyrir í maí 2019).

I hluti – Starfshættir og stjórnun

	Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið	Hvernig metið?	Niðurstaða / framhald
Gildi skólastarfsins	Skólaárið	Að gera skólastefnuna sýnilegri í skólanum.	Að gera hin fjögur gildi skólastefnunnar sýnilegri öllum í skólasamfélaginu. Útbúa mynd/ sjónræna útgáfu.	Stjórnendur og fagteymi.	Vor 2019	Hengt upp á vegg og birt á heimasíðu.	Ekki náðist að klára þessa vinnu og færist þetta markmið yfir á næsta skólaár.
Jafnréttisáætlun	Skólaárið	Unnið eftir jafnréttisáætlun.	Jafnréttisnefnd skólans endurskoðar jafnréttisáætlun skólans. Farið yfir á fundum nokkrum sinnum yfir skólaárið.	Nefnd og stjórnendur.	Vor 2019	Jafnréttisáætlun á heimasíðu.	Jafnréttisáætlun var uppfærð og send til Jafnréttisstofu til samþykktar. Verður í endurskoðun árlega.
Skólareglur	Skólaárið	Endurskoðun skólareglna.	Að fara með endurskoðaðar skólareglur inn á kennarafund, fund skólaráðs og fá samþykktar.	Stjórnendur.	Vor 2019	Skólareglur samþykktar að nýju eftir endurskoðun.	Skólaárið 2018 – 2019 var fjallað um skólareglu um símanotkun. Málþing verður næsta haust meðal nemenda og foreldra og eftir það verður reglan endurskoðuð.
Skólareglur	Skólaárið	Gera skólareglur sýnilegri.	Hafa skólareglur á heimasíðu skólans og á göngum.	Stjórnendur.	Vor 2018	Birtar á heimasíðu og á göngum.	Ekki búið – biður endurskoðunar.
Meðferð upplýsinga.	Skólaárið	Verklagsreglur um meðferð upplýsinga.	Að vinna verklagsreglur um meðferð persónuupplýsinga. Vinnsluskrá,	Skólastjórnendur, ritari og	Vor 2019.	Persónuverndarstefna og reglubók birt á heimasíðu. Stytt	Þetta gekk eftir. Unnið áfram á næsta skólaári með persónuverndarstefnu.

Ný persónuv.lög			persónuverndarstefnu, reglubók o.fl.	persónuverndarfulltrúi.		persónuverndarstefna í skólanámskrá.	
Námsvísar	Skólaárið	Að námsvísar/ áætlanir allra námsgreina birtist í skólanámskrá.	Að námsáætlanir og framvinda í námi og kennslu sé sýnilegt í skólanámskrá.	Samvinna stjórnenda og kennara.	Vor 2020	Birt í skólanámskrá haust 2020.	Tekin ákvörðun um að hafa öll markmið í mentor. Námsferill sýnilegur foreldrum í gegnum mentorforrit eða app.

II hluti – Nám og líðan

	Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið	Hvernig metið?	Niðurstaða / framhald
Skólapúlsinn Nemendur	Vor 2019	Líðan nemenda.	Bregðast við líðankönnun frá síðasta ári sem kemur ekki nógu vel út. Unnið á kennarafundum og kynnt á samverustund f. nemendum.	Stjórnendur og kennarar.	Vor 2019	Könnun Skólapúlsins í okt. og apríl.	Ánægjulegar niðurstöður eftir veturinn þar sem líðan nemenda mælist yfir landsmeðaltali. Mikilvægt að halda áfram að huga að vellíðan nemenda. (sjá töflur aftar í skýrslu).
Skólapúlsinn starfsfólk	Vor 2019	Samvinna og starfsþróun.	Rýna í niðurstöður Skólapúlsins um samvinnu og starfsþróun starfsfólks.	Stjórnendur	Vor 2018	Könnun í mars.	Innleiðing lærdómssamfélags og áherslur í skólaþróun sést glöggt í ásókn í endurmenntun og samvinnu um skólaþróun (sjá samantekt aftar í skýrslu).
Nemenda-Samtöl	Haust 2018	Að gefa rödd nemenda aukið vægi.	Skólastjórnendur eiga einstaklingssamtal við nemendur í 10. bekk.	Stjórnendur	Haust 2018	Nemendakönnun.	Nemendasamtöl í 10. bekk voru tekin af stjórnendum að hausti. Ánægja með samtölin sem verða árlega.
Rafrænt nám nemenda	Vor 2019	Að fylgjst með áhrifun tæknivæðingar á nám nemenda.	Að leggja kannanir fyrir nemendur um áhrif aukinnar tækni og tölva á áhuga þeirra á námi og skóla.	Stjórnendur og kennarar	Vor 2019	Nemendakönnun.	Tölvuumsjónarmaður lagði könnun fyrir nemendur. Niðurstöður teknar með í mat að vori og næstu skref.
Tölvur og tækni í kennslu	Vor 2019	Að fylgjst með áhrifun tæknivæðingar á kennslu og líðan kennara.	Að leggja kannanir fyrir kennara um áhrif aukinnar tæknig og tölva á kennsluna og líðan.	Stjórnendur.	Vor 2019	Könnun meðal kennara.	Könnun lögð fyrir að vori og unnið úr niðurstöðum. Tekin var ákvörðun um næstu skref á kennarafundi og kynnt fyrir skólanefnd vorið 2019.

Agi og vellíðan	skólaárið	Að kennarar tileinka sér ákveðnar aðferðir/ hugmyndafræði sem stuðlar að bættri vellíðan og góðum bekkjaranda.	Jákvæður agi er agastefna skólans sem allir kennarar þurfa að tileinka sér. Mælt er með hugmyndafræði og æfingum Hugarfrelsis og Growth mindset (Hugarfar vaxtar).	Stjórnendur	Vor 2019	Fylgt eftir með námskeiðum og á fundum.	Námskeið fyrir allt starfsfólk um hugarfrelsi fór fram tvisvar yfir veturinn. Sex starfsmenn sóttu grunnnámskeið í jákvæðum aga á hausti og þrjú starfsmenn fóru á helgarnámskeið að vori.
------------------------	-----------	--	--	-------------	----------	---	--

III hluti – Skólaþróun

	Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið	Hvernig metið?	Niðurstaða / framhald
Útiskóli	Skólaárið	Að efla útíkennsluna enn frekar og festa í sessi.	Framkvæmdaáætlun fyrir næstu ár. Styrkja útíkennslu á vorönn með námskeiðum og fá sérfræðinga í heimsókn. Festa ákveðin verkefni/ábyrgð á bekk.	Skólastjórnendur og fagteymi.	Vor 2019	Könnun að vori.	Vel tókst til í vetur en mikilvægt að halda áfram. Við fengum útiskólakennara til að fara með kennurum og öllum bekkjum í útíkennslu að vori. Fengum útiildunaráhöld í gjöf frá kvenfélaginu Íðunni.
Tækni og tölvur	Skólaárið	Kennarar og starfsfólk lærir að nýta tæknina til góðs í skólastarfi.	Ipadvæðing, chromebooks o.fl. Kennarar kenna kennurum. Einn fundur á mánuði notaðar í menntabúðir innan skólans.	Fagteymi í upplýsinga og tæknimennt.	Vor 2019	Könnun meðal kennara hvernig til tókst.	Mikil ánægja með innanhúss menntabúðir og einnig menntabúðir Eymennt og Eylist. Haldið áfram á sömu braut og einnig fengin minni námskeið inn í skólann á næsta ári.
Læsisstefna	Skólaárið	Skólinn tekur þátt í þjóðaátaki um læsi. Stefnan að bæta árangur nemenda í lestri.	Vinna við læsisstefnu Hrafnagilsskóla og hún endurbætt.	Skólastjórnendur og kennarar.	Vor 2019	Læsisstefna tilbúin. Metin að vori 2019. Staða nemenda í lestri metin. SVÓT – greining meðal kennara.	Læsisstefna endurskoðuð og er nánast tilbúin. Ekki náðist að gera SVÓT – greiningu en það bíður haustsins.
Heilsueflandi grunnskóli	Skólaárið	Að auka vitund skólasamfélagsins um mikilvægi heilsutengds lífstíls og tileinka sér hann.	Áhersluþættir í vetur: Lífsleikni og forvarnir.	Stýrihópur, fagteymi og stjórnendur.	Vor 2019	Mat að vori.	Teymi kennara hélt utan um vinnu í heilsueflingu og gekk sú vinna mjög vel. Vellíðan nemenda jókst miðað við könnun Skólapulísins. Settar verða upp fleiri hreyfistöðvar



							fyrir næsta skólaár. Málþing um snjalltæki og símanotkun í haust.
Heilsuefling	skólaárið	Að kennarar tileinki sér aðferðir til að ná ró á huga og líkama með það að markmiði að auka einbeitingu. Aðferðirnar eru notaðar til að ná betri bekkjarstjórn og vinna að bættri vellíðan nemenda.	Allt starfsfólk sækir námskeið í jákvæðum aga. Námskeið um hugafrelsi er haldið í vetur fyrir kennara. Kennarar tileinka sér growth mindset (eflingu hugans).	Skólastjórnendur og kennarar	Vor 2019	Skólapúlsinn og aðrar kannanir.	Innleiðin hugarfrelsis gekk vel. Aðferðir nýttar á samverustundum með nemendum og einnig í bekkjum. Haldið áfram næsta skólaár og fylgt eftir með heimsóknnum frá sérfræðingum.

IV hluti – Grunnþættir menntunar


	Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið	Hvernig metið?	Niðurstaða / framhald
Læsi	Skólaárið	Að klára endurbætur á lestrarstefnu. Læsi í sínum víðasta skilningi.	Læsisstefna endurgerð. Unnið með kennurum við endurskoðun.	Stjórnendur og starfsfólk.	Vor 2019	Ný læsisstefna á heimasíðu skólans.	Verið er að leggja lokahönd á endurskoðaða læsisstefnu skólans. Tilbúin í haust.
Heilbrigði og velferð.	Á vorönn	Huga að líðan nemenda. Skoða lausnir, samtalsaðila, hreyfing	Nemendur hafi aðgang að einhverjum til að spjalla við. Hreyfistöðvar um skólann. Huga að velferð starfsfólks, bjóða upp á hreyfingu/slökun.	Stjórnendur og kennarar.	Vor 2019	Skólapúlsinn, kannanir nemenda og starfsfólks.	Skólahjúkrunarfræðingur mun verða til staðar á föstum tíma tvisvar í viku næsta skólaár. Stefnt að virkari nemendasamtölum hjá kennurum og skólastjórnendum. Bætt við hreyfistöðvum um skólann.

Velliðan nemenda vor 2019. Tölur úr niðurstöðum kannanna Skólapúlsins skólaárið 2018 – 2019

Hér má sjá að velliðan nemenda Hrafnagilsskóla mælist nú yfir landsmeðaltali og hefur aukist töluvert miðað við síðustu tvö ár.




2.3. Vellíðan – Kyn



Vista mynd

Þessi mynd sýnir kynjamun meðal svarenda í skólanum, samanborið við kynjamun á meðal svarenda í viðmiðunarhópnum. Niðurstöður fyrir hvort kyn eru birtar þegar lágmarksfjöldi er náð.


2.3. Vellíðan – Árgangamunur



Hér má sjá röðun kennara Hrafnagilsskóla þegar spurt er um þörf á meiri símenntun. Það er ánægjulegt að sjá að kennara þyrstir í meiri fræðslu og námskeið. Síðustu árin hefur verið lögð áhersla á að byggja upp lærdómssamfélag innan skólans og er sú vinna að skila sér sem sést á þessum niðurstöðum. Einnig hefur skólaþróun um nútímavæðingu (tölvur og tækni) og hugarró (hugarfrelsi, jákvæðan aga, growth mindset) þar áhrif.

6.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12

mán. – Röðun*



Vista mynd

Á þessari mynd sést hvernig niðurstöður þátttökuskóla dreifast. Niðurstaða skólans er merkt með dökkgrænum punkti á myndinni.

Fyrri punktaröðin sýnir niðurstöður lítilla skóla (1-319 nem.) sem eru með nemendur í 1.-10. bekk og seinni punktaröðin sýnir niðurstöður stórra skóla (320+ nem.)

6.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán. – Ársmeðaltöl




[Vista mynd](#)

Myndin sýnir hvernig niðurstöður skólans og niðurstöður viðmiðunarhópsins breytast á milli ára.

Varðandi almenna samvinnu kennara þá mætti vera meira um samþættingu námsgreina og samráð um kennslu. Hins vegar er ánægjulegt að sjá þróun um virka samvinnu kennara og stjórnenda um skólaþróun og umbætur og gætir þar áhrifa innleiðingar lærdómssamfélagsins. Hér má sjá niðurstöður úr Skólapúlsinum síðustu fimm ára um virka samvinnu um skólaþróun og umbætur.


4.7. Virk samvinna um skólaþróun og umbætur – Ársmeðaltöl



Vista mynd

Myndin sýnir hvernig niðurstöður skólans og niðurstöður viðmiðunarhópsins breytast á milli ára.

4.7. Virk samvinna um skólaþróun og umbætur – Röðun*



Vista mynd

Á þessari mynd sést hvernig niðurstöður þátttökuskóla dreifast. Niðurstaða skólans er merkt með dökkgrænum punkti og Landið er merkt með rauðum punkti.

Fyrri punktaröðin sýnir niðurstöður lítilla skóla (1-319 nem.) sem eru með nemendur í 1.-10. bekk og seinni punktaröðin sýnir niðurstöður stórra skóla (320+ nem.). Rauða línan gefur til kynna meðatal allra skóla sem tóku þátt í könnuninni.

Að lokum er hér mynd sem sýnir niðurstöður úr starfsmannakönnun Skólapúlsins um starfsandann innan Hrafnagilsskóla. Allir starfsmenn skólans svöruðu könnuninni. Ánægjulegar niðurstöðum um þann góða starfsanda sem ríkir innan skólans.

2.2. Starfsandi innan skólans – Ársmeðaltöl

